30.10.2018

Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku

Ég rek Ásútgáfuna ehf. Kennitala 440698-2639 og er búin að gefa út bækur síðan 1985 og gef núna út 6 titla á mánuði og 6 rafbækur - samanlagt 72 bækur og 72 rafbækur á ári - en ég þarf að óska eftir að endurskoðaður verði eftirfarandi liður í frumvarpinu.

C. Lið í 5 gr. - Skilyrði fyrir endurgreiðslu á kostnaði –

C. Endurgreiðsluhæfur kostnaður umsækjanda nemi a.m.k. 1,000,000 kr. Vegna útgáfu þeirra bókar sem er andlagt stuðnings hverju sinni.

Andmæli:

1. Mín reynsla á bókaútgáfu er sú að 50 – 80% af bókaútgáfu, eru kiljur, raf- ljóða- og hljóðbækur og eru þær langt undir þessum kostnaði.
2. Ég gef út 6 kiljur og 6 rafbækur á mánuði og er sá kostnaður á umbroti og prentun undir milljón á mánuði - samanlagt fyrir alla titlana
3. ER það mín skoðun að þessi regla í frumvarpinu myndi verða til þess að farið yrði að hækka kostnað á vinnu og prentun til að ná endurgreiðslumarkinu.
4. Það þarf því að breyta þessu greiðslumarki þannig að hægt væri að taka saman nokkra titla af bókum til að ná greiðslumarkinu sem er 1,000,000

Fyrir hönd Ásútgáfunnar:

Rósa V. Guðmundsdóttir

Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 15. Oktober 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn, frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, 176. mál.

"Markmið þessa frumvarps er að efla bókaútgáfu vegna mikilvægis hennar í verndun og styrkingu íslenskunnar" segir í greinargerð með frumvarpinu.
Bandalag íslenskra listamanna tekur undir hvert orð í frumvarpinu og greinagerð þess sem lítur að áhyggjum af þróunn íslenskunnar og mögulegra ógna sem steðja að okkar litla en verðmæta málsamfélagi. Bandalagið hefur líka fullan skilning á erfiðri stöðu bókaútgefenda og þröngri stöðu bókaútgáfu og fagnar því allri viðleitni til að létta undir með útgáfu íslenskra bókmennta.
BÍL harmar þó að aðgerðirnar skuli ekki ná lengra en til útgáfu, það verður ekki tekist á við hina alvarlegu stöðu í okkar litla og viðkvæma málsamfélagi nema með verulegri leiðréttingu á aðstöðu og kjörum skálda, rithöfunda, fræðimanna, þýðenda og allra þeirra sem vinna með tungumálið.
Möguleikar íslenskunnar til að lifa af í heimi, þar sem landamæri menningar eru sífellt að verða óljósari, felast í því að eiga sterkan akur skáldskapar og sköpunar. Styrkleikar tungumálsins felst í fjölbreytileika þess og þeim mannauði sem helgar sig skáldskap og því að halda tungumálinu lifandi. Fólkið sem segir okkur sögurnar, skráir samtímann með nákvæmlega sömu verkfærum og forfeður okkar, tengir þannig tímann og kynslóðir.

Um einstakar greinar frumvarpsins.
II. KAFLI
4.gr.
Varðandi skipun nefdarinnar eru engar kvaðir um fagþekkingu, eðlilegt væri að í nefndinni væri fulltrúi frá Rithöfunda sambandi Íslands. Það er í samræmi við hugmyndir um jafningjamat og til að tryggja að fagþekking eigi rödd við borðið.
5.gr.
Ákvæðið um 1.000.000 lágmark er fyrirsjánlega íþyngjandi fyrir smáa útgáfu og einstaklinga sem eru að skrifa fyrir örmarkað. Þessi litli markaður er engu að síður mikilvægur og ótækt að hann njóti ekki góðs af frumvarpinu, leggur BÍL til að þetta lágmark falli niður.

III: KAFLI

6.gr

Þetta eru greinar sem eru skilyrtar af vsk lögum og því ekki mikið um það að segja, en mikið færi það betur ef orðalagi “þóknun til höfundar” væri breytt í “Laun höfundar”

Það eru nokkur vonbryggði að sjá ekki í frumvarpinu viðleitni til að höfundar njóti þess með beinum hætti. Ein tillaga gæti verið á þá leið að endurgreiðslan væri skilyrt með þeim hætti að höfundur ætti rétt á sínum hlut endurgreiðslunar frá útgefanda. Þannig myndi þó allavega einhverjir aurar skila sér til upphafsins. En við skulum gera okkur grein fyrir því að þó svo að frumvarpið létti undir með útgáfum og hjálpi þeim í baráttunni, þá verður takmarkinu ekki náð nema með verulegri leiðréttingu á kjörum rithöfunda.

Fyrir hönd

Bandalags íslenskra listamanna

Erling Jóhannesson

Reykjavík 8. nóvember 2018

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn frá Félagi íslenskra bókaútgefenda:
Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku / Þingskjal 178 – 176. mál

Félag íslenskra bókaútgefenda gerir eftirfarandi þrjár athugasemdir við frumvarpið.

Athugasemd 1
Varðandi 5. grein c lið sem hljóðar svo:
„Endurgreiðsluhæfur kostnaður umsækjanda nemi a.m.k. 1.000.000 kr. vegna útgáfu þeirrar bókar sem er andlag stuðnings hverju sinni.“

Óskað er eftir því að ofangreindur texti verði felldur út og í stað hans komi eftirfarandi texti:
„Endurgreiðsluhæfur kostnaður umsækjanda nemi a.m.k. 1.000.000 kr. samanlagt vegna eins verks eða fleiri. Teljast þau verk andlag stuðnings umsóknar.“

Rökstuðningur:
Einhver hluti þeirra bóka sem árlega koma út á íslensku uppfyllir ekki kröfur um 1.000.000 kr. kostnað. Þar má nefna bækur ætlaðar börnum og minni rit af ýmsum toga, svo sem ljóðabækur. Það sama gildir um útgáfu flestra hljóð- og rafbóka sem fá eigið ISBN númer en uppfyllta fæstar þessi skilyrði. Með ofangreindri breytingu næðist eftirfarandi fram:

- Bókum yrði síður mismunað vegna kostnaðar. Slík mismunun kemur harðast niður á barnabókaútgáfu sem jafnframt þarf einna mest á stuðningi að halda.
- Aukin hvatning til útgáfu verka á ólíku formi, það er prent-, raf- og hljóðbókaformi, líkt og neytendur kalla eftir.
- Hagræðing fyrir útgefendur sem ekki þyrftu t.d. að sækja staðfestingu um skuldastöðu við opinbera aðila samkvæmt 5. grein e liðar, fyrir hverja einustu bók, aðeins hverja umsókn.
- Hagræðing fyrir afgreiðslunefnd umsókna vegna færri og stærri umsókna.

Athugasemd 2
Varðandi 6. grein:
Óskað er eftir því á að "rétthafi" komi í stað "höfundar" og greinin verði svohljóðandi:

6. gr. c. Þóknun til rétthafa.

Rökstuðningur:
Rétthafi er víðtækara orð sem nær yfir höfunda og erfingja þeirra, umboðsmenn eða aðra sem kunna að taka við höfundagreiðslum. Þannig greiða til að mynda hljóðbókaútgefendur skv. leyfismódeli til annarra útgefenda sem síðan greiða höfundum.

Athugasemd 3
Varðandi 8. grein
Viðbót sem komi inn við 2. málsgrein 8. greinar, bætist við á eftir; "*.. sé umsókn hafnað.*"
„Nefndin skal samþykkja eða hafna umsókn innan 60 daga frá því að hún berst. Sé kallað eftir viðbótargögnum af hálfu nefndarinnar eða óski umsækjandi eftir að koma að nýjum gögnum eftir að umsókn berst, skal nefndin hafa 60 daga frá þeim degi sem síðustu gögn berast nefndinni til afgreiðslu umsóknar. Greiða skal ákvarðaða fjárhæð til viðtakanda endurgreiðslunnar innan 30 daga frá því að endurgreiðsla kostnaðar er samþykkt, enda sé endurgreiðsla innan marka fjárlagaheimildar. Fari samþykktar greiðslur umfram heimildir fjárlaga skulu þær greiðslur sem samþykktar eru njóta forgangs til greiðslu á næsta fjárlagaári."

Rökstuðningur:
Til að tryggja skilvirkni frumvarpsins er nauðsynlegt að hafa tímamörk.

Fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda
Heiðar Ingi Svansson
Formaður stjórnar

Hagþenkir
félag höfunda fræðirita og kennslugagna

Reykjavík 15. nóvember 2018

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni: Umsögn Hagþenkis um þingmál 176, Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.

Stjórn Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, fagnar framkomnu frumvarpi um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Í meginatriðum er stjórn félagsins jákvæði í garð frumvarpsins en gerir þó nokkrar athugasemdir við frumvarpið og einstaka liði þess.

1. Þáttur höfunda.
   Frumvarpið tekur að mjög litlu leyti til hagsmuna rithöfunda, hvort sem um er að ræða höfunda skáldrita eða fræðirita og kennslubóka. Þetta er að flestu leyti skiljanlegt og höfundar og hagsmunasamtök þeirra hljóta að treysta því að það verði gert á öðrum vettvangi, svo sem með eflingu Bókasafnssjóðs höfunda og sjóða sem úthluta starfslaunum til höfunda. Þó má benda á tvær greinar frumvarpsins þar sem huga mætti betur að hagsmunum höfunda:

   Í 5. gr. frumvarpsins, lið e), er kveðið á um að umsækjandi sé ekki í vanskilum við opinbera aðila. Á hinn bóginn gerir frumvarpið enga kröfu til þess að útgefendur standi skil á greiðslum til höfunda. Það myndi styrkja stöðu höfunda ef bætt væri við þessa grein ákvæði um að útgefandi þurfi að sýna fram á að samið hafi verið við höfunda og aðra rétthafa og að staðið hafi verið skil á greiðslum í samræmi við samninga.
   Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um áhrif annarra styrkja á endurgreiðslu. Það er mjög mikilvægt að kveða á um það, í frumvarpinu sjálfu, eða í greinargerð, að styrkir sem höfundar fái til ritstarfa komi ekki til frádráttar endurgreiðslu.

2. Útgáfa námbóka
   Það er ekki fullljóst af frumvarpinu hvort bókaútgáfa á vegum ríkisstofnanna eins og Menntamálastofnunar falli undir gildissvið þess. Bækur stofnunarinnar eru ekki boðnar „opinberlega til sölu, láns eða leigu“ í núverandi kerfi.

3. Námsbækur í erlendum tungumálum.
   Samkvæmt 2.gr. frumvarpsins nær endurgreiðslan eingöngu til bóka sem útgefnar eru á íslensku. Samkvæmt þessu myndu kennslubækur í erlendum tungumálum fyrir íslenska nemendur ekki falla undir gildissvið frumvarpsins. Útgáfa slíkra bóka er mjög mikilvæg og

hana þarf að styðja eins og aðra íslenska bókaútgáfu. Þetta mætti leysa með því að tiltaka þessa tegund bóka sérstaklega í frumvarpinu.

4. Fræðileg tímarit
   Lög þessi ná eingöngu til bóka sem gefnar eru út undir ISBN númerum. Af því leiðir að útgáfa fræðilegra tímarita eins og Skírnis, Sögu, Læknablaðsins, Náttúrufræðingsins og fleiri slíkra fellur ekki undir gildissvið þess. Óljóst er hvort þau muni falla undir gildissvið boðaðs frumvarps um stuðning við fjölmiðla. Þessi tímarit gegna mjög mikilvægu hlutverki við að viðhalda og miðla vísindum og fræðum á íslensku og viðhalda þannig íslenskum orðaforða og íslenskri málhefð innan einstakra fræðigreina. Því vill stjórn minna á mikilvægi þess að þau verði ekki útundan þegar nýtt kerfi stuðnings við bókaútgáfu og við fjölmiðla er skipulagt.

Fyrir hönd stjórnar Hagþenkis,

Jón Yngvi Jóhannsson, formaður

Reykjavík
8. nóvember 2018

Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku

Við undirrituð höfum verið í hljóðbókaútgáfu allt frá árinu 1976 í samstarfi við ýmsa aðila. Frá árinu 2004 höfum við starfað sjálfstætt undir nafninu Hljóðbók.is. Alls höfum við komið nálægt útgáfu á um 200 hljóðbókartitlum frá árinu 2004. Lengi vorum við þau einu á landinu sem lögðum í að gefa út hljóðbækur, síðan fjölgaði útgefendum en flestir hafa gefist upp m.a. vegna smæðar markaðarins.

Í ljósi þess að hljóðbókasala er innan við 10% af heildarsölu prentaðra bóka hverju sinni, í eintökum talið, höfum við sérhæft okkur í að gefa út marga titla á ári, og halda kostnaði í lágmarki. Það er okkar skoðun að ef styðjast á við greiðslumark þá þurfi krónutalan að vera 250.000 pr. hljóðbókartitil.

Það þarf því að breyta þessu greiðslumarki í 250.000 eða að öðrum kosti að gefa útgefanda færi á að taka saman nokkra titla af hljóðbókum til að ná greiðslumarkinu sem að óbreyttu er 1,000,000.

Við biðjum því vinsamlegast um að c-lið 5. gr. verði breytt til samræmis við framangreint.

Fyrir hönd Hljóðbókar slf,

Gísli Helgason, Herdís Hallvarðsdóttir

Reykjavík 15. nóvember 2018

Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn frá Hlusta hljóðbókasafni/útgáfu:

Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku / Þingskjal 178 – 176. mál

Hlusta ehf. gerir alvarlegar athugasemdir við 5. grein c. lið eins og hann er í drögum að frumvarpi, þ.e. að hvert einstakt verk beri með sér kostnað sem sé ekki minni en 1.000.000 kr., í kostnaðarliðum sem falla undir skilgreiningu frumvarps um stofn til endurgreiðslu. Greinin eins og hún stendur er óásættanleg að mati félagsins. Slík mismunun sem þar kemur fram skekkir samkeppni, jafnvel milli tegunda bókmennta og framþróun og mun e.t.v. draga hug úr mörgum sem hafa áhuga á útgáfustarfsemi á íslensku. Vísast hér í rökstuðning/álit Félags íslenskra bókaútgefanda (FÍBÚT) sem dagset er 8. nóvember, en álit FÍBÚT á að hafa borist Allsherjar- og menntamálanefnd. Mætti jafnvel lengja þann lista íslenskrar útgáfu sem FÍBÚT telur mismunað með grein 5.

Álit Hlusta hljóðbókasafns/útgáfu yrði allt annað og jákvætt ef tekið yrði fullt tillit til athugasemda FÍBÚT varðandi grein 5. C lið, sem áður er vísað í. Hlusta hljóðbókasafn/útgáfa hvetur því Allsherjar- og menntamálanefnd til að gera breytingar á frumvarpinu að tillögu FÍBÚT. Álitsgjafi styður jafnframt aðrar tillögur FÍBÚT til að gera reglur skýrari og hvetur til þess að allar vinnureglur tengdar væntanlegum lögum verði einfaldaðar sem hægt er, með minni útgáfur í huga, svo skrifræði og umsýsla útgefenda keyri ekki úr hófi við umsóknir.

Fyrir hönd Hlusta ehf

Aðalsteinn Júlíus Magnússon

Framkvæmdastjóri

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2018
Tilvísun: 201810-0011 / IS/hkg/hb

Efni: Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku – 176. mál

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.

Safnið styður allar skynsamlegar aðgerðir til eflingar bókaútgáfu og bókmenningu á Íslandi. Mjög mikilvægt er að styrkja það umhverfi sem bókmenningin þrífst í, íslenska tungu, ritun og útgáfu bóka á íslensku, tækniþróun í greininni, íslensk bókasöfn, styrkjaumhverfi o.fl. Markmiðið ætti að vera að stuðla að auknum lestri á íslensku og efla hana í stafrænum heimi.

Kostnaðarhlutinn er heldur ónákvæmur. Kostnaðarmat frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fylgir ekki frumvarpinu, en í greinargerð kemur fram að settur var á fót starfshópur innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skoðaði kosti og galla mismunandi stuðnings eða aðgerða og niðurstaðan varð sú sem kynnt er í frumvarpinu. Einnig kemur fram að kostnaður vegna stuðningsins gæti orðið 300-400 milljónir á ári miðað við 25% endurgreiðslu. Kostnaður vegna nefndar og afgreiðslu umsókna er áætlaður „einhver", en hann gæti líka orðið umtalsverður. Gott hefði verið að fá samanburð á því að lækka eða afnema virðisaukaskatt á bókum og þeirri leið sem hér er lögð til.

Í greinargerð kemur einnig fram að samdráttur hafi orðið í bókaútgáfu á undanförnum árum og birt línurit sem sýnir um 40% veltusamdrátt hjá bókaútgefendum á árunum 2008-2017. Ekki kemur fram hvort aðeins sé um að ræða útgáfu á pappír eða hvort rafrænt efni sé tekið með. Íslenskir bókaútgefendur hafa verið heldur tregir til að notfæra sér nýja tækni, eitthvað hefur verið um slíka útgáfu, en hún hefur farið hægt vaxandi. Íslenskir útgefendur virðast líta á útgáfu bóka á öðru formi en pappír sem algjöra

ARNGRÍMSGÖTU 3 · 107 REYKJAVÍK · SÍMI: 525 5600 · BRÉFASÍMI: 525 5615
NETFANG: upplys@landsbokasafn.is VEFFANG: www.landsbokasafn.is

aukagetu. Nú hafa Landskerfi bókasafna og almenningsbókasöfnin í landinu hafið rekstur á Rafbókasafninu *rafbokasafnid.is*, þar sem notendur geta fengið rafbækur og hljóðbækur að láni í einn mánuð í tækin sín. Notendur hafa tekið Rafbókasafninu fagnandi og biðlisti er eftir mörgum bókum, en vandamálið er að flestar bækurnar þar eru á erlendum málum þar sem skortir íslenskar raf- og hljóðbækur eða að útgefendur hafa ekki viljað setja sínar bækur þar inn. Þessu þarf að breyta.

Það er því ánægjulegt að stuðningurinn nær einnig til rafbóka, hljóðbóka eða annarra forma en á pappír og einnig myndasagna og ólíkra tegunda bóka, barnabóka o.s.frv. Kaupendur ættu því að fá fjölbreyttara úrval til að velja úr. Lagt er til að ákveðinn hluti fjármagnsins verði tekinn frá fyrir barna- og unglingabækur og að skiptingin milli pappírs og rafrænnar útgáfu verði svipuð, til að ýta undir tækniþróun og umbreytingaferli í bókaútgáfu.

Þá er vert að benda á að frumvarpið tekur einungis til stuðnings við bókútgefendur, en í skýrslu starfshóps um bókmenningarstefnu sem unnin var á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2017 (og einnig í eldri skýrslum á vegum ráðuneytisins) komu fram tillögur um miklu fleiri atriði til að styrkja bókmenningu s.s. um stuðningskerfi fyrir rithöfunda, námsbókaútgáfu, útgáfu myndskreyttra bóka og léttlestrarbóka og kaup bókasafna, auk fleiri atriða. Eftir hrun þá var fjármagn til ritakaupa velflestra bókasafna skorið niður, víða allt að 70%. Sums staðar hefur niðurskurðurinn gengið til baka en í of mörgum tilvikum hefur það ekki gerst og söfnin því ekki getað keypt það efni sem kemur út á Íslandi nema að takmörku leiti. Því er hvatt til þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið haldi þessari vinnu áfram og skoði ofangreind atriði úr skýrslunni og úrlausn þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1.gr. Stuðningurinn er hugsaður tímabundinn árin 2019-2023. Það er skynsamlegt að endurmeta verkefnið og sjá hvort það hafi skilað tilætluðum áhrifum. Vonandi verður endurgreiðslan hvatning til útgefenda til að gefa í auknum mæli út á rafrænum miðlum.

3.gr. Varðandi tölulið 4 var rætt meðal starfsfólks Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hvort setja ætti önnur viðmið um hvenær bók telst gefin út en ISBN númer, s.s. að bók sé skráð í bókasafnskerfið Gegni eða að hún hafi komið til safnsins í skylduskilum, því úthlutun ISBN númers og skráning í Gegni fara ekki endilega saman. Notkun á ISBN númerum er þó talin góð lausn m.t.t. til þess að erlendir útgefendur geti einnig sótt um styrki ef þeir gefa út á íslensku og noti þá ISBN númer í sínu heimalandi. Landsmiðstöðvar ISBN úthluta númeraröðum eða stökum númerum til útgefenda, sums staðar endurgjaldslaust, eins og hér á landi, og senda upplýsingar um viðkomandi útgefendur í alþjóðlegan gagnagrunn ISBN. Útgefendur sem fá númeraraðir ráðstafa ISBN númerum sjálfir á bækur sínar og kemur skráning bókanna ekki til kasta Landsbókasafnsins fyrr en búið er að prenta þær. Þ.e. dagsetning úthlutunar ISBN númersins hjá safninu skiptir því ekki máli, því það getur liðið einhver tími þar til númerið er notað. Þannig þyrfti að vera skýrt hvað átt er við með skráningu í 4. tölulið s.s. að bók sé samþykkt í

alþjóðlega bóknúmerakerfið hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og skráð í bókasafnskerfið Gegni eða í sambærileg skráningarkerfi erlendis.

4.gr. Þar sem um takmarkaða fjárhæð til endurgreiðslu er að ræða, er hætt við að einhverjir fái ekki styrk því að fjármunirnir séu uppurnir. Það gæti komið til þess að fyrstur kemur, fyrstur fær lögmálið ráði, eða að nefndin þurfi að velja þær bækur sem fá endurgreiðslu. Spurt er hvað eigi að liggja til grundvallar þegar meta á hvaða bækur fái styrk og hverjar fá ekki, þegar viðkomandi útgefandi/höfundur uppfyllir öll skilyrði sem sett eru fram í lögunum. Hvernig á að bregðast við því? Sjá reyndar 11. gr.

Huga þarf vel að skipan í nefndina og mikilvægt að fá í hana fagfólk á sviði bókmennta, bókaútgáfu og bókasafna.

5.gr. Nokkur skriffinnska fylgir hverri umsókn og það er því talsverð fyrirhöfn fyrir þá sem eru með eigin útgáfu að sækja um endurgreiðslu.

Varðandi c. lið þá er spurning hvort lækka ætti upphæðina 1.000.000 kr. vegna s.k. eiginútgáfu, til að auðvelda einstaklingum sem ekki fara í gegnum hefðbundin bókaforlög að gefa út sitt efni. Þeir gætu fengið styrk en jafnframt leitað ódýrra leiða til útgáfunnar. Má þar t.d. nefna útgefendur ljóðabóka og smásagna, auk héraðstengds efnis.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu á kostnaði eru talin upp í liðum a.-e. Hér vantar að bók hafi ISBN númer frá heimalandi sínu sbr. grein 3. tölulið 4. Sjá athugasemdir þar.

8. gr. Skv. 3. mgr. skal vísa umsóknum frá berist þær of seint frá því að bók er samþykkt í ISBN bóknúmerakerfið. Þó skal taka umsókn til meðferðar séu gildar ástæður fyrir töfunum. Nefndin á að meta það í hverju tilviki. Nauðsynlegt er að setja skýrari reglur um þetta, því annars er hætta á misræmi eða hentistefnu.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

ARNGRÍMSGÖTU 3 · 107 REYKJAVÍK · SÍMI: 525 5600 · BRÉFASÍMI: 525 5615

NETFANG: upplys@landsbokasafn.is VEFFANG: www.landsbokasafn.is

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Hér eru tölur um útgefnar bækur á Íslandi frá upphafi til 2015. Nýrri tölur eru ónákvæmar því alltaf tekur nokkurn tíma að ná inn meginhluta útgáfu hvers árs. Tölurnar taka alltaf einhverjum breytingum á milli ára, því efni getur borist mörgum árum eftir að það er gefið út og skráningaraðferðir og hefðir breytast einnig.

Bækur sem gefnar voru út á tímabilinu 1534–1849, eru taldar 2.663.

Árabil	Fjöldi rita	Meðalfjöldi bls.	Heildarfjöldi blaðsíðna
1850-1859	368	111	40.848
1860-1869	553	80	44.240
1870-1879	662	68	45.016
1880-1889	982	63	61.866
1890-1899	536	83	44.488
1900-1909	906	69	62.514
1910-1919	1.136	75	85.200
1920-1929	1.459	80	116.720
1930-1939	2.343	84	196.812
1940-1949	4.536	126	571.536
1950-1959	5.005	119	595.595
1960-1969	6.109	108	659.772
1970-1979	8.667	95	823.365
1980-1989	12.430	106	1.317.580
1990-1999	16.955	103	1.746.365
2000-2009	15.913	117	1.861.821
2010-2015	9.515	110	1.046.650
	88.075	**114**	**9.320.388**

Ath. að síðasta línan nær aðeins yfir sex ár 2010-2015.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
Landsbókavörður - National and University Librarian
+354 525 5710

Reykjavík,
4. október 2018

Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.
Þingskjal 178 – 176. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Athugasemd við skýringar 3. gr. frumvarpsins, þá sérstaklega skilgreiningu á bók og tímariti.
--
„Með tímaritum er m.a. átt við hvers konar útgáfu rita, að jafnaði með efni eftir fleiri en einn höfund, aðra en útgáfu fréttablaða, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði: a) kemur út reglulega og a.m.k. tvisvar sinnum á ári, b) útgáfan er liður í ótímabundinni röð, þ.e. gert er ráð fyrir útgáfu um ófyrirsjáanlega framtíð, c) einstök hefti bera sama heiti og eru númeruð og útgáfan er seld á fyrir fram ákveðnu verði eða dreıft til félagsmanna gegn greiðslu félagsgjalds."
--
Ég, undirritaður, stend fyrir þýðingu og útgáfu á bókum sem alla jafna kallast myndasögur eða myndrænar skáldsögur. Um er að ræða vönduð og metnaðarfull verk sem telja um 100+ bls. hver bók, en þau eru oft gefin út í ákveðinni röð, lengri sögur/seríur skiptar niður í margar bækur. Sögurnar bera sama yfirtitil og oft koma margir höfundar að sömu bókinni.

Eins og sjá má á lýsingunni hér að ofan þá virðist sem okkar bókaútgáfa falli undir skilgreiningu á tímaritum þó að það sé í raun fjarri lagi.

Ég óska því þess að þessari skilgreiningu verði breytt eða að texta frumvarpsins verði breytt til að (myndasögu)bókaseríur rúmist innan hugtaksins ‚bók' t.d. með því að bæta við eftirfarandi texta.

"Bókaseríur sem innihalda bækur sem koma út reglulega undir sama nafni, númeraðar eða ónúmeraðar, teljast ekki til tímarita."

Miðað við þá skilgreiningu sem er að finna í skýringum með frumvarpinu (sjá texta hér að ofan), þá er ekki annað að sjá en að bækur á borð við Lukku Láka, Tinna, Ástrík og fleiri myndasögur sem ég og fleiri ólumst upp við að lesa séu skilgreindar sem tímarit. Þær eru hluti af seríu, eru númeraðar, geta komið út oftar en einusinni á ári.

Ég bið ykkur því um að lagfæra þessa skilgreiningu.

Myndasögur eru mikilvægar til að auka lestur ungs fólks og því brýnt að útgefendur myndasögubóka á íslensku standi jafnfætis öðrum bókaútgefendum hér á landi.

Með vinsemd og virðingu,

Gísli Einarsson
Kt. 200468-4149

Eigandi og framkvæmdastjóri
Nexus afþreying ehf.,
kt. 610501-2650
Nóatún 17
105 Reykjavík

Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík
Sími: 568 3190 ● Fax: 568 3192 ● rsi@rsi.is ● www.rsi.is

Reykjavík 15. nóvember 2018

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Frá Stjórn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ)

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Þingskjal 178 — 176. mál.149. löggjafarþing 2018–2019.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands styður yfirlýst markmið frumvarpsins en telur að ganga þurfi enn lengra og grípa þurfi til markvissra aðgerða til að bæta kjör skálda, rithöfunda, fræðimanna, þýðenda og annarra sem vinna að frumsköpun á íslensku máli.

Stjórn RSÍ efast ekki um að frumvarpið, verði það að lögum, muni bæta verulega hag íslenskrar bókaútgáfu og er það vel enda greinin afar illa stödd eftir gríðarlegan samdrátt síðustu ára. Hinsvegar geta fyrirhugaðar endurgreiðslur skert tekjur rithöfunda, t.d. ef verð bóka lækkar án þess að sala aukist. Fari svo að markmið um verðlækkun náist og bækur lækki um sem nemur 10% eða meira þá leiðir af sjálfu sér að laun höfunda lækka að sama skapi þar sem þau eru reiknuð af heildsöluverði bóka fyrir álagningu virðisaukaskatts. Hlutur þeirra sem skapa sjálft hugverkið nemur 23% af heildsöluverðinu en hlutur útgefanda er 77%. Kjör höfunda munu því rýrna og hagur þeirra versna í réttu hlutfalli við lækkað bókaverð.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. I. kafli, 3. gr. 1. skýring: *Bók*: Ritverk sem er a.m.k. átta blaðsíður að lengd og bundið eða fest á hliðstæðan hátt í kjöl sem og hljóðupptökur af lestri slíkra verka. Þá skulu geisladiskar og aðrir miðlar með bókartexta og rafræn útgáfa slíkra verka falla undir hugtakið bók.

Athugasemd: Skýringin þarf að hljóða svo: *Bó*k: Ritverk sem hlotið hefur ISBN númer og er a.m.k. átta blaðsíður að lengd og bundið eða fest á hliðstæðan hátt í kjöl sem og hljóðupptökur af lestri slíkra verka. Þá skulu geisladiskar og aðrir miðlar með bókartexta og rafræn útgáfa slíkra verka falla undir hugtakið bók.

Rökstuðningur: Rétt er að miða í texta frumvarpsins við alþjóðlega bóknúmerakerfið.

2. II. kafli, umsóknarferli og fl.

Athugasemd: Stjórn RSÍ þykir umsýslan í kringum úthlutunina of umfangsmikil og flókin. Fordæmið virðist sótt til kvikmyndagerðar en þar eru mun færri og stærri verkefni á ári. Við hvetjum Alþingi til að íhuga einfaldari lausnir. Í Noregi er styrkjakerfi, sem byggir á innkaupum sérstakrar innkaupastofnunar á bókum og er að mestu sjálfvirkt séu útgefendur félagar í samtökum útgefenda. Bókunum er síðan dreift á bókasöfn og til skóla. Þeir sem standa utan slíkra samtaka geta hins vegar sótt um og eins getur innkaupastofnunin hafnað bókum sem ekki þykja nægilega vandaðar. Þar, sem og í Svíþjóð, er greidd föst upphæð fyrir hvert verk, óháð markaðsverði bóka og fá höfundar hluta upphæðarinnar. Heimilt er að hækka og lækka þessa föstu greiðslu ef ástæður eru til.

3. II. kafli, 5. grein liður c. Endurgreiðsluhæfur kostnaður umsækjanda nemi a.m.k. 1.000.000 kr. vegna útgáfu þeirrar bókar sem er andlag stuðnings hverju sinni.

Athugasemd: Upphæðin er of takmarkandi.

Rökstuðningur: Margar mikilvægar bækur uppfylla ekki þetta skilyrði, sem dæmi má nefna ýmsar barnabækur og ljóðabækur. Ef skilyrðið um 1.000.000 kr. kostnað stendur gæti það haft í för með sér að útgefendur veigri sér frekar við að gefa út bækur sem sannarlega þurfa á stuðningi að halda. Benda má á að breytt ákvæði um að sækja megi um fyrir fleiri en eitt verk í sömu umsókn gagnast ekki þeim sem gefa út eigin bækur. Lagt er til að viðmiðið verði fellt niður. Annar kostur væri að undanskilja frá þessu skilyrði ljóðabækur, léttlestrarbækur, hljóðbækur, rafbækur og bækur ætlaðar yngstu lesendum.

4. III. kafli, 6. grein, liður c. Þóknun til höfundar.

Athugasemd: Í stað „Þóknun til höfundar“ ætti að standa „Höfundalaun skv. gildandi samningi RSÍ og FÍBÚT – Félags íslenskra bókaútgefenda.“

Rökstuðningur: Rétt er að notast sé við sömu skilgreiningu og er í samningum milli höfunda og útgefenda. Höfundalaun taka auk þess til launa fleiri en eins höfundar að hverju verki. Mikilvægt er að skilyrði sé í reglugerð eða lögunum sjálfum um að gildir útgáfusamningar RSÍ og FÍBÚT fylgi umsókn um endurgreiðslu kostnaðar og að allar greiðslustaðfestingar, upphæðir þeirra og dagsetningar, séu í samræmi við samninginn sem fylgir. Þá þykir okkur einnig rétt að skilyrt sé að höfundar hafi fengið fyrirframgreiðslur á höfundalaunum, sem og sex mánaða söluuppgjör og greiðslur frá útgefanda þegar umsókn er lögð fram. Áríðandi er að hið opinbera endurgreiði ekki hluta af kostnaði ef brotið er á höfundum.

5. III. kafli, 6. grein, liður e. Þýðingarkostnaður og prófarkalestur.

Athugasemd: Í stað „Þýðingarkostnaður og prófarkalestur“ ætti að standa „Þýðendalaun skv. gildandi samningi RSÍ og FÍBÚT, prófarkalestur og annar þýðingarkostnaður.“

Rökstuðningur: Rétt er að notast sé við sömu skilgreiningu og er í samningum milli þýðenda og útgefenda. Mikilvægt er að skilyrði sé í reglugerð eða lögunum sjálfum um að gildir þýðingarsamningar RSÍ og FÍBÚT fylgi umsókn um endurgreiðslu kostnaðar og að allar greiðslustaðfestingar, upphæðir þeirra og dagsetningar, séu í samræmi við samninginn sem fylgir. Áríðandi er að hið opinbera endurgreiði ekki hluta af kostnaði ef brotið er á þýðendum.

6. III. kafli, 7. gr. „Þekkt er að bókaútgefendur gefi bækur sínar út sjálfir. Í þeim tilfellum á ekki við sá kostnaðarliður sem um ræðir í c-lið 6. gr.“

Athugasemd: Gera skal ráð fyrir höfundarlaunum hjá sjálfsútgáfuhöfundi.

Rökstuðningur: Höfundalaun skulu vera sérstakur endurgreiðsluhæfur liður. Um er að ræða tvö ólík störf og ekki er hægt að undanskilja laun höfundar. Sé um sama aðila að ræða og gefur verkið út skal hann auk þess meta laun sín sem útgefanda sem beinan kostnað.

7. III. kafli, 7. gr. „Við mat á eigin launum skal miða við mánaðarlaun listamanna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2009, um listamannalaun.“

Athugasemd: Mánaðarlaun listamanna eru nú um 380.000 kr. verktakagreiðsla. Nauðsynlegt er að finna annað viðmið. Benda má á að meðallaun á Íslandi árið 2017 voru 667.000 kr. á mánuði.

Rökstuðningur: Í reglugerð með lögum um listamannalaun nr. 83/2009 segir: „Fullt starf í skilningi þessara laga miðast við 67% starf eða meira. Þeir sem njóta starfslauna í sex mánuði eða lengur skulu því ekki gegna öðru starfi sem telst meira en þriðjungur úr stöðugildi meðan þeir fá greidd starfslaun …“. Mánaðarlaun listamanna eru, lögum samkvæmt, aðeins fyrir 67% starfshlutfall.

Almennar athugasemdir:
RSÍ er því fyllilega sammála að sérstök þörf sé á að ráðast í aðgerðir til styrktar íslenskri tungu en telur þá leið sem hér er farin til að styðja við íslenskan bókamarkað ekki þá skilvirkustu til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram né heldur leið sem muni gagnast rithöfundum. Heildstæðari og einfaldari nálgun hefði að okkar mati gagnast betur og fleirum í virðiskeðju íslensks bókamarkaðar í heild.

Í þeim löndum sem við berum okkur saman við eru starfrækt styrkjakerfi sem taka á mun fleiri þáttum og teljum við að slík innspýting væri markvissari aðgerð fyrir íslenskan bókamarkað í heild sem og læsi þjóðarinnar. Við teljum skynsamlegt að líta til bæði Svíþjóðar og Noregs þar sem innkaup á bókum fylgja styrkveitingum. Bókunum er dreift á almenningsbókasöfn og í skóla og leikskóla. Slík aðgerð myndi stuðla að auknu aðgengi barna að nýjum íslenskum bókum í gegnum skólasöfn, væri lestrarhvetjandi og ekki endilega dýrari. Í Svíþjóð eru víðtækir útgáfustyrkir veittir útgefendum bóka í níu flokkum. Kerfið er byggt þannig upp að útgefendur geta sótt um útgáfustyrki fyrir bækur sínar eftir að þær eru komnar út. Bókin þarf að hafa sænskt ISBN-númer, útgefandinn að vera sænskur, bókin að koma út í fyrstu útgáfu nema um klassísk sænsk rit sé að ræða og hafa komið út á síðustu sex mánuðum. Þá má fyrsta upplag flestra tegunda bóka, m.a. fagurbókmennta fyrir börn og fullorðna, ekki fara yfir 5.000 eintök eigi bókin að geta átt rétt á styrk. Flestar tegundir bóka koma til greina en þó eru nokkrar gerðir undanskildar, svo sem matreiðslubækur, föndurbækur, kennslubækur, bækur um mjög staðbundið efni og heiðursrit gefin út til minningar um ákveðna einstaklinga.

Stjórn RSÍ telur mikilvægt að litið sé til reynslu nágrannaþjóða okkar og álítur ekki nauðsynlegt að ríkið styrki bækur sem gefnar eru út í mjög stóru upplagi og vitað er að útgáfan muni standa ríflega undir sér.

Stjórn RSÍ vill benda á misræmi sem okkur sýnist vera á milli frumvarpstextans og greinargerðarinnar. Í texta frumvarpsins segir að það fjalli um endurgreiðslur á hluta kostnaðar sem fellur til vegna útgáfu bóka á EES-svæðinu (2. gr. og 5. gr.b). Af greinargerð, kafla 3.2, má ráða að kostnaðurinn þurfi einnig að falla til á EES-svæðinu enda þótt þess sé hvergi getið í texta frumvarpsins. Við teljum að þetta þurfi að skýra betur. Þá viljum við benda á að bækur eru prentaðar víða um heim og svokallaðar samprentsbækur (myndríkar bækur sem prentaðar eru á mörgum tungumálum fyrir ólík markaðssvæði í einu) eru oft prentaðar utan EES-svæðisins og lítið sem útgefandi íslensku útgáfunnar getur gert í því. Þá eru íslenskir höfundar, þýðendur og aðrir einyrkjar sem starfa við íslenska bókaútgáfu oft búsettir erlendis og ekki endilega í Evrópu.

Stjórn Rithöfundasamband Íslands er hugsi yfir því að það sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir endurgreiðslu að bókin sé á íslensku og komi út á evrópska efnahagssvæðinu eða Færeyjum. RSÍ styður aðgerðir til stuðnings íslenskri tungu en telur varhugavert að ekki sé hægt að styrkja með þessum hætti bækur skrifaðar af eða ætlaðar innflytjendum ef bækurnar eru ekki á íslensku. Þann 1. janúar 2017 voru innflytjendur á Íslandi 10,6% mannfjöldans og mikilvægt að hvatt sé til þess að raddir þeirra heyrist eða hægt sé að gefa út bækur sérstaklega ætlaðar þeim hópi. Þá hafa komið út afar metnaðarfullar en textalausar íslenskar barnabækur og myndasögur sem, samkvæmt þessu skilyrði, væru ekki hæfar til endurgreiðslu. Hvetjum við nefndina til að íhuga undanþáguákvæði vegna slíkra verka.

Lokaorð:
Fram kemur í greinargerð frumvarpsins sá vilji stjórnvalda að lögin verði til þess „að efla íslenska tungu og stuðla að bættu læsi, sérstaklega hjá börnum og ungmennum“. Stjórn RSÍ bendir á að þetta markmið mun ekki nást nema gripið sé til mun víðtækari aðgerða en þess eins að rétta af hag bókaútgáfunnar. Enda þótt blómleg bókaútgáfa sé vissulega mikilvæg þjóðtungunni þá er ekki síður mikilvægt að til sé fólk sem hefur ritstörf að aðalstarfi og þau séu metin að verðleikum og þá ekki aðeins í ræðustól á tyllidögum. Til þess að tryggja það þarf að bæta kjör höfunda verulega.

F.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands
Ragnheiður Tryggvadóttir
framkvæmdastjóri

Efni: Umsögn um þingskjal 178 — 176. mál.
149. löggjafarþing 2018–2019.
Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku

Stjórn SÍUNG – Samtaka íslenskra barna- og unglingabókahöfunda styður meginmarkmið frumvarpsins og tekur undir að aðgerða er þörf til að auka lestur og læsi og tryggja framgang íslenskunnar.

Vandi barnabókarinnar er í raun þríþættur.

1. Tryggja þarf að góðir höfundar geti haft atvinnu af því að skrifa vandaðar bækur fyrir börn og unglinga.
2. Tryggja þarf útgáfu slíkra verka.
3. Bækurnar þurfa að rata til barna og ungmenna.

Misbrestur hefur verið á þessu öllu saman hér á landi og nánast enginn stuðningur við greinina. Umrætt frumvarp gæti, með breytingum, lagað eitt af þessum atriðum, þ.e. að útgefendur gæfu frekar út barnabækur, en gerir að mati stjórnarinnar ekkert til að bregðast við öðru. Frumvarpið mun ekki verða til þess að fleiri barnabókahöfundar geti lifað af skrifum eða tryggja að öll börn hafi aðgang að bókum sem endurspegla samtíma þeirra og uppruna. Það má vel færa rök fyrir því að með styrkjum til útgefenda fjölgi útgefnum barnabókum. En það tryggir ekki barnabókahöfundum laun fyrir seld eintök. Barnabókahöfundar þurfa að geta einbeitt sér að því að skrifa fyrir börn og unglinga, fá tímann sem þarf til þess því það mun auka gæði bókanna. Barnabókahöfundar hafa til dæmis verið í minnihluta þeirra er hljóta starfslaun og er það öfugsnúið að okkar mati.

Stjórn SÍUNG telur viðmiðunarfjárhæðina allt of háa þegar kemur að barna- og unglingabókum, sbr. 5. gr. c. Margar barnabækur, sér í lagi bækur fyrir börn sem eru nýlega farin að lesa, eru og eiga að vera stuttar og beinn framleiðslukostnaður því ekki hár.

Stjórnin hvetur þingmenn til að skoða stuðningskerfi nágrannaríkja okkar. Þar er Noregur fremstur í flokki er kemur að barnabókum. Kerfið sem Norðmenn nota tekur á öllum þremur þáttunum sem stjórn SÍUNG telur nauðsynlegt að styrkja; tryggir afkomu höfunda (og þ.a.l. aukin gæði bókanna), styrkir útgáfur og kaupir barna- og ungmennabækur sem notaðar eru á almennings- og skólabókasöfnum og á leikskólum.

Fyrir hönd SÍUNG,

Gunnar Helgason, formaður

Reykjavík, 13. nóvember 2018

149. löggjafaþing 2018-2019
Þingskjal 178 – 176. mál.
Frumvarp um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.

Sendandi / umsagnaraðili:
Storytel Iceland ehf.
Kt: 570504-3040, Skeifan 17, 108 Rvk.

Storytel gerir eftirfarandi tvær athugasemdir við frumvarpið:

Athugsemd 1
- varðandi 5. gr. c lið sem hljóðar svo:

> *„Endurgreiðsluhæfur kostnaður umsækjanda nemi a.m.k. 1.000.000 kr. vegna útgáfu þeirrar bókar sem er andlag stuðnings hverju sinni."*

Óskað er eftir því að ofangreindur texti verði felldur út og í stað hans komi eftirfarandi texti:

> *„Endurgreiðsluhæfur kostnaður umsækjanda nemi a.m.k. 1.000.000 kr. samanlagt vegna eins verks eða fleiri. Teljast þau verk andlag stuðnings umsóknar."*

Standi greinin óbreytt nær frumvarpið ekki tilgangi sínum nema að hluta til þar sem útgáfa raf- og hljóðbóka á íslensku nyti ekki stuðnings nema að mjög takmörkuðu leyti.

Til vara er óskað eftir því að greinin verði verði felld út eða lágmarksfjárhæð lækkuð í kr. 200.000.

<u>Rökstuðningur:</u>
Hljóðbækur og rafbækur á íslensku gegna mikilvægu hlutverki í að efla og vernda íslenska tungu til framtíðar. Framboð á rafrænu efni á erlendum tungumálum á netinu er verulegt, gjarnan aðgengilegt án endurgjalds. Íslenskt talmál er ekki síður mikilvægt en ritmál og útgáfa hljóðbóka og rafbóka hvetur til lestrar og lesskilnings á íslensku.

Mikill vöxtur hefur orðið í útgáfu hljóðbóka erlendis undanfarin ár og íslenski markaðurinn er að taka við sér með auknu framboði á íslensku efni. Storytel framleiðir og gefur út um 300 bókatitla á íslensku á ári. Mikill meirihluti útgáfunnar er byggður á leyfismódeli þar sem bækur eru lesnar upp eftir handritum sem þegar hafa verið unnin en bera annað ISBN númer en önnur útgáfuform. Kostnaður við hverja slíka bók nær ekki milljón króna lágmarkinu en heildarkostnaður vegna allra bóka er margföld sú fjárhæð.

Athugsemd 2
- varðandi 6. gr. c lið.

Óskað er eftir því á að "rétthafi" komi í stað "höfundar" og greinin verði svohljóðandi:

> *„Þóknun til rétthafa."*

<u>Rökstuðningur:</u>
Rétthafi er réttara og víðtækara orð sem nær yfir höfunda og erfingja þeirra, umboðsmenn eða aðra sem kunna að taka við höfundagreiðslum. Til að mynda greiða hljóðbókaútgefendur skv. leyfismódeli til annarra útgefenda sem síðan greiða höfundum.

Virðingarfyllst,

f.h. Storytel Iceland ehf.
Stefán Hjörleifsson
framkvæmdastjóri

YFIRSKATTANEFND

BORGARTÚNI 21, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 575 8700
BREFASÍMI 575 8729
www.yskn.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2018

Umsögn yfirskattanefndar um frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Þingskjal 178 – 176. mál

Með bréfi 18. október 2018 hefur allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sent yfirskattanefnd ofangreint frumvarp til umsagnar.

Tekið skal fram að samráð var haft við yfirskattanefnd við samningu frv., eins og rakið er í greinargerð með því. Við nánari skoðun telur yfirskattanefnd ástæðu til að benda á tvö atriði sem ástæða virðist til að huga betur að:

1. Að umsýsla endurgreiðslu verði í höndum ríkisskattstjóra.
2. Að í frv. skortir heimild til að endurskoða fyrri ákvarðanir um endurgreiðslu.

Um lið 1.

Samkvæmt frv. skal sérstök þriggja manna nefnd taka ákvarðanir um endurgreiðslur til bókaútgefenda. Þó virðist gert ráð fyrir að ráðherra geti falið þar til bærum aðila það verkefni. Í störfum nefndarinnar (eða hins þar til bæra aðila) felst tvennt

a. að ákveða hvort skilyrði endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum 5. gr. séu uppfyllt, einkum að hlutaðeigandi rit teljist bók (sbr. nánari skilgreiningar í greinargerð með frv.) og að bókin sé á íslensku, að útgefandi sé skráður á vsk-skrá og ekki í vanskilum við opinbera aðila og
b. að kanna hvort framtalinn útgáfukostnaður samkvæmt umsókn útgefanda falli undir ákvæði 6. gr., þar á meðal hvort kostnaðurinn byggist á viðhlítandi gögnum og teljist frádráttarbær rekstrarkostnaður samkvæmt lögum um tekjuskatt. Á grundvelli þessarar athugunar reiknast endurgreiðsla 25% af framtöldum kostnaði.

Ákvarðanir samkvæmt a-lið skulu samkvæmt frv. vera kæranlegar til hlutaðeigandi ráðuneytis. Ákvarðanir samkvæmt b-lið skulu sæta kæru til yfirskattanefndar. Fyrir því eru færð þau rök að hjá yfirskattanefnd sé til staðar nauðsynleg sérfræðiþekking til að útkljá slík ágreiningsmál.

Við blasir að hliðstæð sérfræðiþekking og talin er liggja hjá yfirskattanefnd hlýtur að þurfa að vera til staðar hjá endurgreiðsluaðila til að fást við álitamál sem kunna að koma upp þegar ákvarða skal

hvort útgáfukostnaður sé réttilega tilgreindur í umsókn um endurgreiðslu. Vaknar þá sú spurning hvers vegna umsjón með endurgreiðslu til bókaútgefenda er ekki einfaldlega falin ríkisskattstjóra – þar sem sérfræðikunnátta varðandi verkefni samkvæmt b-lið hér að framan er óneitanlega til staðar – í stað þess að stofna til sérstaks stjórnvalds í þessu skyni. Ætla má að þetta yrði einnig frekar til sparnaðar fyrir hið opinbera. Um svipað verkefni, sem ríkisskattstjóri hefur nú þegar með höndum, má vísa til laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, en þar kemur einnig annað stjórnvald einnig að máli með tilteknum hætti.

Ríkisskattstjóri er raunar ekki heldur ókunnugur því að glíma við bókarhugtakið og það álitamál hvort rit sé á íslensku. Benda má á að mestur hluti umfjöllunar um þessi atriði, sem er að finna í athugasemdum við 3. og 5. gr. frv., er augljóslega sóttur í smiðju ríkisskattstjóra frá þeim tíma þegar sérstakar skattareglur giltu um sölu tímarita, dagblaða og bóka á íslenskri tungu, sbr. 6. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Á þessi atriði reyndi m.a. í úrskurði yfirskattanefndar nr. 279/1993 sem er birtur á vef nefndarinnar.

Ekkert er því til fyrirstöðu, væri ríkisskattstjóra falið umrætt verkefni, að ákvarðanir hans samkvæmt a-lið hér að framan yrðu kæranlegar til ráðuneytisins. Yfirskattanefnd er ekkert keppikefli að annast það verkefni.

Um lið 2.

Engin ákvæði eru í frv. um hvernig skuli með fara ef í ljós kemur, eftir að umsókn um endurgreiðslu hefur verið afgreidd, að endurgreiðslufjárhæð hefur verið of há, hvort heldur það hefur gerst fyrir mistök umsækjanda eða stjórnvalds eða vegna rangfærslna umsækjanda um útgáfukostnað. Með hvoru tveggja þessu verður að reikna – það sýnir löng reynsla af ýmsu fyrirkomulagi við endurgreiðslur eða stuðningsframlög úr ríkissjóði – og virðist almennt gætt að því í löggjöf. Því skal haldið til haga að engin ástæða er til að ætla annað en að bókaútgefendur séu almennt hið grandvarasta fólk. Hitt má hafa í huga, sem mælt er, að misjafn er sauður í mörgu fé. Því er fyllsta ástæða til að huga að reglum um málsmeðferð ef út af lífsins þröngu braut bregður.

Verði ríkisskattstjóra falin umsýsla með endurgreiðslu til bókaútgefenda er handhægt að vísa til viðeigandi skattalaga um heimildir embættisins til upplýsingaöflunar og endurákvarðana komi í ljós að endurgreiðsla hefur verið of há. Dæmi um slíkar tilvísanir er að finna í mörgum lögum, t.d. 12. gr. laga nr. 165/2011, um fjársýsluskatt.

Virðingarfyllst,

Sverrir Örn Björnsson

Sverrir Örn Björnsson,
formaður yfirskattanefndar.